



6. október 2023

Til: Borgarráðs – borgarradsgogn@reykjavik.is**Frá:** Jóni Viggó Gunnarssyni, framkvæmdastjóra SORPU bs.**Efni:** Fyrirspurn borgarráðsfulltrúa Sósíalístaflökks Íslands

Á fundi borgarráðs, dags. 7. september 2023 var neðangreind fyrirspurn borgarráðsfulltrúa Sósíalístaflökks Íslands lögð fram og vísað til umsagnar Sorpu bs. Fyrirspurnin er svohljóðandi:

„Hvað hefur SORPA greitt fyrirtækinu Terra háar fjárhæðir síðastliðið ár vegna sorphirðu? Þá er átt við öll þau verkefni sem Terra sinnir fyrir SORPU. Eru fleiri fyrirtæki sem SORPA greiðir fyrir sorphirðu? Ef svo er, hvaða fyrirtæki eru það og hversu háar fjárhæðir greiðir SORPA viðkomandi fyrirtæki/fyrirtækjum?“

Fyrirspurnin barst SORPU þann 8. september sl. með tölvupósti.

Svar SORPU bs.**Spurning:**

Hvað hefur SORPA greitt fyrirtækinu Terra háar fjárhæðir síðastliðið ár vegna sorphirðu? Þá er átt við öll þau verkefni sem Terra sinnir fyrir SORPU.

Svar:

SORPA hefur greitt Terra umhverfisþjónusta hf. fyrir árið 2022 um 288 milljónir króna auk virðisaukaskatts fyrir þjónustu á öllum starfstöðvum SORPU. Rétt er að taka fram að ekki er um hefðbundna sorphirðu við húsvegg á heimilum að ræða, heldur til dæmis tæmingu á grenndargámum, akstur á gámum milli starfsstöðva og fleiri skyld verkefni.

Spurning:

Eru fleiri fyrirtæki sem SORPA greiðir fyrir sorphirðu? Ef svo er, hvaða fyrirtæki eru það og hversu háar fjárhæðir greiðir SORPA viðkomandi fyrirtæki/fyrirtækjum?

Svar:

Já. SORPA hefur greitt Kubbi ehf. um 248 milljónir auk virðisaukaskatts og Íslenska gámafélaginu ehf. um 64 milljónir auk virðisaukaskatts fyrir sambærilega þjónustu.

Virðingarfyllst,

Jón Viggó Gunnarsson,
Framkvæmdastjóri SORPU bs.